Nr. 28.
31.
desbr.

# Auglýsing

um

að hinum innlendu, af eigenda hálfu óuppsegjanlegu ríkisskuldum með 4 hundruðustu í vöxtu sje sagt upp til útborgunar 11. marz 1887 eður til leigubreytingar í $3^1/_2$ af hundraði.

Fjármálastjórnin hefur 13. f. m. gefið út auglýsing, er í útlegging hljóðar svo:

1.

Samkvæmt heimild þeirri, er veitt er til þess með lögum 12. nóvbr. 1886, upp segir fjármálastjórnin hjermeð til útborgunar 11. marz 1887 hinum innlendu af eigenda hálfu óuppsegjanlegu ríkisskuldum með 4 hundruðustu í vöxtu, hvort heldur þær standa í skuldabrjefum með eður án leigumiða eða í innskriptar-skýrteinum eða viðskiptabókum; þó eru undan skildar:

a) fjárhæðir, sem varið hefur verið til þess að fullnægja þeirri skyldu, er að lögum hvílir á embættis- og sýslunarmönnum til þess að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag;

b) »bankfonds«- og »statsfonds«-skýrteini og þau skuldabrjef, er samkvæmt efni sínu eru gefin út fyrir þesskonar skýrteinum.

Ríkisskuldir þær, er þannig er sagt upp, verða borgaðar með vöxtum þangað til 11. marz 1887, en frá þeim degi fellur niður leiga af þeim.

2.

Útborgun á fje því, er upp er sagt, fer fram við þjóðbankann í Kaupmannahöfn.

Skuldabrjef með leigumiðum verða inn leyst fyrir ákvæðisverð þeirra mót því að skuldabrjefunum verði skilað ásamt öllum leigumiðum, er koma í gjalddaga eptir 11. marz 1887.

Önnur skuldabrjef verða að hafa fengið áritun á ríkisskuldaskrifstofunni um það, að þau megi inn leysa og þá gegn hvers kvittan, og verða menn því áður en til innlausnar kemur um þetta að snúa sjer að skrifstofu þessari, og ef nauðsyn krefur, hafa í höndum nægileg heimildarskilríki. Hið sama er um innlausn á innskriptarskýrteinunum, en þá er og að gæta reglna þeirra er um útdrátt úr innskriptarbókum gilda, en það er einkum að menn sjeu sjálfir við staddir útdráttinn, eður láti þá mæta fyrir sig, er lögformlegt umboð hafi staðfest af nótaríusi eður hlutaðeiganda yfirvaldi eður

# Bekjendtgjørelse

Nr. 28.
31te
Decbr.

angaaende

## Opsigelse af den fra Kreditors Side uopsigelige 4 pCt. Rente bærende indenlandske Statsgjæld til Udbetaling den 11te Marts 1887 eller til Konvertering til 3½ pCt. Rente.

Finantsministeriet har under 13de f. M. udstedt en saalydende Bekjendtgjørelse:

1.

I Kraft af den Finantsministeriet ved Lov af 12te November 1886 givne Bemyndigelse opsiger Finantsministeriet herved til Udbetaling den 11te Marts 1887 den fra Kreditors Side uopsigelige 4 pCt. Rente bærende indenlandske Statsgjæld saavel i Obligationer, med eller uden Kupons, som i Indskrivningsbeviser eller Indskrivningskontrabøger med følgende Undtagelser:

a) de Beløb, som i Medfør af Lovgivningens Bestemmelser om Embeds- og Bestillingsmænds Forpligtelse til at sikkre deres Enker Overlevelsesrente ere anvendte til Fyldestgjørelse af denne Forpligtelse;

b) Bankfonds- og Statsfondsbeviser og de Obligationer, som efter deres Indhold ere udstedte for saadanne Beviser.

De opsagte Statsforskrivninger udbetales med Renter indtil 11te Marts 1887, fra hvilken Dag Forrentningen ophører.

2.

Udbetaling af de opsagte Kapitaler sker ved Nationalbanken i Kjøbenhavn.

De med Kupons forsynede Obligationer indløses ved Udbetaling af det Beløb, hvorpaa de lyde, mod Aflevering af Obligationerne med dertil hørende Kupons for alle Terminer efter den 11te Marts 1887.

Andre Obligationer maa have Paategning af Statsgjældskontoret om, at de kunne indløses og mod hvis Kvittering, hvorom man altsaa forud maa henvende sig til dette Kontor og i fornødent Fald medbringe tilstrækkelig Legitimation. Det samme gjælder om Indskrivningsbeviserne, hvor tillige de for Uddragningerne af Indskrivningsbøger gjældende Former maa være iagttagne, til hvilke navnlig hører personligt Møde ved Indskrivningsbogen eller Møde ved en Anden, der er forsynet med lovformelig af Notarius eller vedkommende Øvrighedsperson attesteret Fuldmagt eller saadan Fuldmagt, som Finantsministeriet finder betryg-

Nr. 28. annað umboð, er fjármálastjórninni þykir nægt vera, og því næst að hinn mætti geri grein
31. desbr. fyrir hver hann er, ef hann er óþekktur, og riti hann því næst nafn sitt í sjálfa innskriptarbókina undir beiðnina um útborgun til sín. Þá er þessu er fullnægt, verður ákvæðisverðið greitt út mót því að skilað sje skuldindingunni með nægri kvittan samkvæmt því, er ríkisskuldaskrifstofan segir fyrir um.

3.

Í stað þess að láta út borga fjárhæðir, er upp sagt er, 11. marz 1887, eiga menn kost á að láta þær standa kyrrar í ríkissjóðnum, ef þær nema 200 kr. eða meiru; en þeim verður þá eigi sagt upp af hálfu eigenda og leigan verður $1^3/_4$ af hverju hundraði um hálfárið, það eru $3^1/_2$ hundraðsvextir um árið, er koma í gjalddaga 11. júní og 11. desember, fyrsta sinn 11. júní 1887 fyrir undanfarið hálfár; fjenu verður á hinn bóginn eigi sagt upp af hálfu ríkissjóðsins 10 fyrstu árin, en þaðan af getur hann sagt því upp með 3 mánaða fyrirvara. Skuldabrjefunum verður skipt gegn nýjum skuldabrjefum, með ákvæðisverði 5,000, 2,000, 1,000, 500 og 200 krónur, er fjármálastjórnin gefur út með framan greindum ákvæðum, og innskrifuðu fje verður breytt til nýrrar leigu með áritun þarum á innskriptarskýrteinin gömlu, eða með því að gefa út ný, er beri $3^1/_2$ af hundraði í vöxtu, og með ákvæðisverði, er aðeins skipti heilum hundruðum króna, og þó eigi einu eða þrem hundruðum. Þetta skal fram fara eptir neðangreindum reglum:

a. Skiptin eða leigubreytingin fer fram við þjóðbankann samkvæmt nánari auglýsing hans um það efni, þó því að eins, að honum verði send beiðni um það áður liðnir sjeu 2 mánuðir frá dagsetning auglýsingarinnar.

b. Menn verða að hafa hafið alla vöxtu, er í gjalddaga eru komnir fyrir 1887, áður en skiptin fara fram eða leigubreytingin. Fyrir að skipta skuldabrjefum sínum eður breyta innskrifuðu fje til hinnar nýju leigu verður eigandanum greidd uppbót, er nemur $1^1/_2$ krónu fyrir hverjar hundrað af ákvæðisverði ríkisskuldbindinga þeirra, er hann fer svo með. Þarsem gjalddagi á vöxtum er 11. júní og 11. desbr., fær hann enn fremur út borgað $^1/_4$ krónu fyrir hverjar hundrað, en það er mismunurinn á 4 og $3^1/_2$ hundraðsvöxtum fyrir hálfárið frá 11. desbr. 1886 til 11. júní 1887. En þarsem gjalddagi vaxta er 11. marz og 11. septbr., fær hann út borgað $1^1/_4$ kr. af hverjum hundrað, 1 kr. er þá leigan 4 af hundraði fyrir fjórðung árs, frá 11. sept. til 11. desbr. 1886, og hinn $^1/_4$ kr. af hverjum hundrað er mismunurinn á 4 og $3^1/_2$ hundraðsvöxtum fyrir hálfárið frá 11. desbr. 1886 til 11. júní 1887.

c. Nú verður þeim, er beiðst hefur skipta á skuldabrjefum eður leigubreytingar á innskrifuðu fje, eigi borgað andvirðið að fullu með nýjum eða breyttum skuldbindingum með $3^1/_2$ hundruðustu í vöxtu, og skal þá greiða honum út í peningum það er á vantar með ákvæðisverði þess.

d. Þar sem gjalddagi vaxta af innskrifuðu fje er 11. marz og 11. septbr., skal honum breytt í 11. júní og 11. desbr. gjalddaga mót leigu-uppbót þeirri fyrir fjórðung árs, er getið er við staflið b.

e. Öll óuppsegjanleg 4 % skuldabrjef án leigumiða, og öll innskriptarskýrteini, er menn villja fá skipt eða breytt til nýrrar leigu, verða áður að hafa fengið áritun um það á ríkisskuldaskrifstofunni, að ekkert sje því til fyrirstöðu; en áður en þessi áritun getur fengizt, verður að færa nægar sönnur að því, að það sje hlutaðeigandi rjettur er beiðist skiptanna eður leigubreytingarinnar. Menn geta vænzt þess að fá kostnað þann goldinn úr ríkissjóðnum, er sannað verður að gengið hafi til mótunar og í gjöld fyrir staðfestingar á nauðsynlegum umboðum við innlausnina eða leigubreyting á innskriptarskýrteinum.

gende, Godtgjørelse af ubekjendte Personers Identitet og Underskrift af en Begjæring om Udbetalingen til den Modende i selve Indskrivningsbogen. Nr. 28. 31te Decbr.

Udbetalingen af Nominalbeløbet sker da mod Aflevering af Forskrivningen, forsynet med behørig Kvittering i Overensstemmelse med Statsgjældskontorets Opgivende.

3.

De opsagte Kapitaler paa 200 Kr. og derover kunne dog i Stedet for at udbetales til 11te Marts 1887 forblive indestaaende i Statskassen som uopsigelige fra Kreditors Side til $1^3/_4$ pCt. halvaarlig, altsaa $3^1/_2$ pCt. aarlig Rente, der forfalder hver 11te Juni og 11te December første Gang for $^1/_2$ Aar til 11te Juni 1887, og saaledes, at Kapitalerne forblive henstaaende uopsigelige fra Statskassens Side i 10 Aar, men kunne derefter opsiges af Statskassen med 3 Maaneders Varsel. Obligationerne ombyttes mod nye af Finantsministeriet paa 5,000, 2,000, 1,000, 500 eller 200 Kroner udstedte Obligationer med de anførte Bestemmelser, og de indskrevne Kapitaler konverteres ved Paategning paa Indskrivningsbeviserne eller Udstedelse af nye til $3^1/_2$ pCt. paa hele Hundreder Kroner, dog ikke paa 100 eller 300 Kr., efter følgende Regler:

a. Ombytningen eller Konverteringen foretages ved Nationalbanken i Overensstemmelse med sammes nærmere Bekjendtgjørelse, dog kun forsaavidt som Begjæringen om Ombytning eller Konvertering indgives til Nationalbanken inden Udløbet af to Maaneder fra den nævnte Bekjendtgjørelses Datum.

b. Renterne for alle Terminer før Aaret 1887 maa være hævede før Ombytningen eller Konverteringen. For Ombytningen eller Konverteringen udbetales Ejeren en Godtgjørelse af $1^1/_2$ pCt. af Nominalbeløbet af de Statsforskrivninger, som ombyttes eller konverteres. Endvidere udbetales ham, hvor Renteterminerne ere 11te Juni og 11te December, $^1/_4$ pCt., som er Forskjellen mellem 4 pCt.s og $3^1/_2$ pCt.s Renten for Halvaaret fra 11te December 1886 til 11te Juni 1887. Hvor Renteterminerne ere 11te Marts og 11te September, udbetales ham derimod $1^1/_4$ pCt., hvoraf 1 pCt. er 4 pCt.s Renten for $^1/_4$ Aar fra 11te September til 11te December 1886, og $^1/_4$ pCt. Forskjellen mellem 4 pCt.s og $3^1/_2$ pCt.s Renten for Halvaaret fra 11te December 1886 til 11te Juni 1887.

c. Naar noget til Ombytning eller Konvertering anmeldt Obligations- eller indskrevet Beløb ikke kan fuldt berigtiges med nye eller konverterede Forskrivninger til $3^1/_2$ pCt. Rente, udbetales det Overskydende kontant med Nominalbeløbet til den dertil Berettigede.

d. Indskrevne Kapitaler med Renteterminerne 11te Marts og 11te September maa mod den under b. anførte Godtgjørelse af Renten for $^1/_4$ Aar forandre deres Renteterminer til 11te Juni og 11te December.

e. Alle uopsigelige 4 pCt.s Obligationer uden Kupons og alle Indskrivningsbeviser, som begjæres ombyttede eller konverterede, maa, forinden dette kan ske, være forsynede med Statsgjældskontorets Paategning om, at Intet derfor er til Hinder, men førend denne Paategning kan meddeles, maa det paa behørig Maade være godtgjort, at det er rette Vedkommende, der forlanger Ombytningen eller Konverteringen. De Udgifter, som bevisligen ere erlagte for Stempel og Notarialgebyr for de fornødne Fuldmagter til Indløsningen eller Konverteringen af Indskrivningsbeviser, kan vedkommende forvente godtgjort af Statskassen.

Nr. 28.
31.
desbr.

4.

Upp frá þessu geta menn eigi lengar innskrifað fje uppá 4 % í vöxtu, heldur eigi til að fullnægja þeirri skyldu að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, eður sem veð til tryggingar gjaldheimtum.

Hið innritaða fje með 4 % vöxtum, er nú er sagt upp, verður haldið áfram að borga út — það er að segja í uppsögðum 4 % skuldabrjefum — þangað til 11. marz 1887. Frá greindum degi verður hætt á ríkisskuldaskrifstofunni að skipta áteiknuðum skuldabrjefum með leigumiðum gegn óáteiknuðum, og eins að skipta skuldabrjefum með leigumiðum gegn öðrum af sömu tegund en með öðru ákvæðisverði.

5.

Hin nýju af eigenda hálfu óuppsegjanlegu skuldabrjef hinnar föstu ríkisskuldar með $3^1/_2$ % vöxtum, er menn fá í skiptunum og sem eigi eru iðgjaldabrjef, og innskriptarfje það, er áður gaf af sjer 4 af hundraði í leigu en eptir leigubreytinguna gefur af sjer $3^1/_2$ af hundraði, geta menn innskrifað uppá $3^1/_2$ hundraðsvöxtu og síðan fengið borgað út í skuldabrjefum af nefndri tegund eptir reglum þeim, er gilt hafa hingaðtil um hina óuppsegjanlegu 4 % ríkisskuld. Hin nýju iðgjaldabrjef, er gefin verða út fyrir þeim hluta hinnar uppsögðu 4 % ríkisskuldar, er eigi verður breytt, verða eigi innskrifuð. Skuldabrjefum af annari tegundinni verður eigi breytt í skuldabrjef hinnar tegundar. Báðar tegundir skuldabrjefa skulu ávallt hljóða upp á handhafa. Hverskonar áritan á þau er án alls gildis gagnvart ríkissjóðnum, og verður eigi tekin til greina í bókum ríkisskuldaskrifstofunnar.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar er hlut eiga að máli.

*Í fjármálastjórninni 13. nóvember 1886.*

***J. B. S. Estrup.***

*P. Stolpe*,
fm.

Um leið og stjórnarráðið birtir þessa auglýsing öllum þeim, er hlut eiga að máli, skal því við bætt, að það er samkomulag við fjármálastjórnina að gjöra fyrir þá, er á Íslandi búa og hafa í höndum ríkisskuldbindingar, er auglýsingin getur um, þau afbrygði á ummælum hennar, er nú skal greina:

1) Frestur sá, er veittur er í 3. gr. a. til þess að senda fram beiðni um skiptin eða leigubreytinguna, og sem samkvæmt auglýsing þjóðbankans er út runninn fyrir konungsríkið 17. janúar 1887, skal fram lengdur til 11. júní 1887, þegar beiðninni fylgir vottorð frá hlutaðeiganda yfirvaldi eður landfógeta um, að eigandi skuldbindingar þeirrar, er ræðir um, sje búsettur á Íslandi.
2) Skuldabrjef, sem leigumiðar fylgja, má senda til leigubreytingar á skrifstofu landfógetans í Reykjavík. En innskriptarskyrteinum og skuldabrjefum án leigumiða veitir fjármálastjórnin í Kaupmannahöfn ein móttöku til leigubreytingar, og verður því að senda henni þessi brjef í síðasta lagi með póstskipi því, er fer frá Reykjavík 7. maí 1887, og svo verða að koma fram nægar sönnur fyrir henni um að það sje hlutaðeigandi rjettur, er beyðist leigubreytingarinnar (smbr. auglýsing fjármálastjórnarinnar 3. gr. c.).
3) Skuldabrjef með leigumiðum, er menn vilja eigi fá skipti á eða leigubreyting, fást borguð út úr jarðabókasjóðnum, eptir því sem fyrirliggjandi fje hans nær til, eptir að póstskipið er komið til Reykjavíkur í marz 1887 (eptir áætluninni 14. marz)

4.

Indskrivning til 4 pCt. Rente finder fra nu af ikke mere Sted, heller ikke til Opfyldelse af Enkeforsørgelsespligten eller til Sikkerhed for Oppebørseler.

Uddragning af de indskrevne, nu opsagte Kapitaler til 4 pCt. Rente — selvfølgelig i opsagte 4 pCt.s Obligationer — vedbliver at finde Sted indtil den 11te Marts 1887. Fra samme Tid ophøre Bytningerne i Statsgjældskontoret af paategnede mod ikke paategnede Kuponsobligationer og af Kuponsobligationer mod lignende paa andre Summer.

5.

For de nye fra Kreditors Side uopsigelige $3^1/_2$ pCt.s Obligationer af den bundne Stasgjæld, der meddeles ved Konverteringerne og ikke skulle være amortisable, og for de tidligere til 4 pCt. Rente indskrevne Kapitaler, som konverteres til $3^1/_2$ pCt., kan Indskrivning til $3^1/_2$ pCt. og senere Uddragning i Obligationer af det nævnte Slags finde Sted efter de hidtil for den uopsigelige 4 pCt.s Statsgjæld fastsatte Regler. De nye amortisable $3^1/_2$ pCt.s Obligationer, der udfærdiges for den ikke konverterede Del af den opsagte 4 pCt.s Statsgjæld, ville ikke kunne indskrives. Overgang fra den ene til den anden af disse to Slags Obligationer kan ikke finde Sted. Begge Slags Obligationer skulle bestandig lyde paa Ihændehaver. Enhver Paategning paa samme er uden nogensomhelst Gyldighed ligeoverfor Statskassen og kan ikke noteres i Statsgjældskontorets Bøger.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

**Finantsministeriet, den 13de November 1886.**

*J. B. S. Estrup.*

*P. Stolpe,*
Fm.

Idet Foranstaaende herved bekjendtgjøres for alle Vedkommende, tilføjes, at efter Overenskomst med Finantsministeriet sker heri overfor Ihændehavere af de i Bekjendtgjørelsen omhandlede Statsforskrivninger, der ere bosiddende i Island, følgende Modifikationer:

1) Den i Post 3 a. omhandlede Frist, inden hvilken Begjæring om Ombytning eller Konvertering skal indgives, og som efter derom udstedt Bekjendtgjørelse fra Nationalbanken i Kongeriget udløber den 17de Januar 1887, forlænges, naar Begjæringen bilægges med vedkommende Øvrigheds eller Landfogdens Attest for, at den paagjældende Forskrivnings Ejer er bosiddende paa Island, indtil 11te Juni 1887.
2) Obligationer, der ere forsynede med Kupons, kunne til Konvertering indleveres til Landfogdens Kontor i Reykjavik. Indskrivningsbeviser og Obligationer, der ikke ere forsynede med Kupons, modtages derimod kun til Konvertering i Finantsministeriet i Kjøbenhavn, til hvilket de altsaa maa indsendes senest med det den 7de Maj 1887 fra Reykjavik afgaaende Postdampskib, og overfor hvilket det paa behørig Maade maa være godtgjort, at det er rette Vedkommende, der forlanger Konverteringen, jfr. Finantsministeriets Bekjendtgjørelse Post 3 e.
3) Udbetaling af Kuponsobligationer, der ikke ønskes konverterede, vil efter Postdampskibets Ankomst til Reykjavik i Marts Maaned 1887 (planmæssig den 14de Marts) kunne ske ved Islands Jordebogskasse, i det Omfang, som den derværende Kassebeholdning dertil tilstrækker, og der vil da der samtidig af Obligationer med Renteterminer 11te Juni og 11te Decbr. blive betalt $^1/_4$ Aars Rente fra 11te Decbr. 1886. Dog ville

Nr. 28. 31. desbr. verður þá um leið borguð fjórðungsárs leiga frá 11. desember 1886 af þeim skuldabrjefum, er gjalddaga eiga 11. júní og 11. desember. Þeir skuldabrjefa-eigendur, er búsettir eru í Reykjavík, geta þó því að eins vænzt þess að fá skuldabrjef sín borguð úr jarðabókasjóðnum, að þeir hafi sent landfógetanum skriflega beiðni um það fyrir 2. febr. 1887.

Með skuldabrjefunum verður að skila öllum leigumiðum þeirra, er koma í gjalddaga eptir 11. marz 1887.

Skuldabrjef án leigumiða og innskriptarskýrteinin verður at senda til Kaupmannahafnar til innlausnar samkvæmt auglýsing fjármálsstjórnarinnar 2. gr.

Að því er snertir leigubreytinguna sjálfa eða skiptin skal að endingu þessa getið í sambandi við 3. grein í nefndri auglýsing.

Þarsem bjóða á hin nýju skuldabrjef og innskriptarskýrteini þeim, er hafa í höndum hin uppsögðu, fyrir gangverð $98^1/_2$ %, og þeir þess utan eiga að fá fulla leigu, 4 af hundraði, til 11. júní 1887, ef þeir færa sjer í nyt leigubreytingarrjettinn, þá fá þeir með því af hverju skuldabrjefi og innskriptarskýrteini, þarsem gjalddagi á leigum er 11. júní og 11. desember, uppbót, er nemur $1^3/_4$ %, og af þeim skuldbindingum er leigugjalddaga eiga 11. marz og 11. septbr. ennfremur 1 af hundraði í leigu frá 11. septbr. til 11. desbr. 1886; en það verður alls $2^3/_4$ af hundraði hverju hinnar leigubreyttu upphæðar.

Þessi uppbót verður borguð út í peningum um leið og innskriptarskýrteinin og skuldabrjefin koma fram til leigubreytingar.

Hin nýju $3^1/_2$ % skuldabrjef, sem í 10 ár eru óuppsegjanleg af ríkisins hálfu, verða út búin með hálfsárs leigumiðum, er gjalddaga eiga 11. júní og 11. desember, og með „talons“ (klippingastofnum) og hljóða uppá 5000, 2000, 1000, 500 og 200 kr.

Ef þeim, er beiðist leigubreytingar, verður eigi borgað fjeð að fullu með hinum nýju lánskuldabrjefum, fær hann afganginn borgaðan í peningum.

Leigubreytingin fer fram með áritun um hana á innskriptarskýrteinin og skuldabrjefin, og með skuldabrjefunum skal jafnframt skila leigumiðaörkum, er þeim fylgja, með leigumiðunum fyrir 1887 til 11. júní eða septbr. 1895.

Skuldabrjef sín fá menn aptur, er búið er að rita á þau um leigubreytinguna og taka leigumiðana frá þeim, en síðar verður þeim skipt gegn skuldabrjefum hinnar nýja lánskuldar með tilheyrandi leigumiðum eptir nánari auglýsing um það efni.

*Í stjórnarráði Íslands, 31. desember 1886.*

*J. Nellemann.*

*A. Dybdal.*

Obligationsejere, der ere bosiddende i Reykjavik, kun da kunne gjøre Regning paa at erholde deres Obligationer udbetalte ved Jordebogskassen, naar de inden 2den Februar 1887 derom have indgivet skriftlig Begjæring til Landfogden. Nr. 28. 31te Decbr.

Alle Kupons efter 11te Marts 1887 maa afleveres sammen med Obligationerne.

Obligationer uden Kupons og Indskrivningsbeviser ville derimod være at indsende til Kjøbenhavn til Indløsning overensstemmende med Post 2 i Finantsministeriets Bekjendtgjørelse.

I Forbindelse med Post 3 i bemeldte Bekjendtgjørelse tilføjes endelig med Hensyn til Iværksættelsen af Konverteringen, hvor saadan begjæres, Følgende:

Da de nye Obligationer og Indskrivningsbeviser skulle tilbydes Ihændehaveren af de opsagte til en Kurs af $98\frac{1}{2}$ pCt. og der derhos skal godtgjøres de Ihændehavere, der gjøre Brug af Retten til Konvertering, fuld 4 pCt. Rente til 11te Juni 1887, vil der ved Konverteringen blive tilstaaet de Obligationer og Indskrivningsbeviser, som have Renteterminer 11te Juni og 11te Decbr., en Godtgjørelse af $1\frac{3}{4}$ pCt., og dem, der have Renteterminer 11te Marts og 11te September, endvidere 1 pCt. i Rente fra 11te September til 11te Decbr. 1886, altsaa i alt $2\frac{3}{4}$ pCt. af det konverterede Beløb.

De nævnte Godtgjørelser udbetales kontant ved Indskrivningsbevisernes og Obligationernes Indlevering til Konvertering.

De nye $3\frac{1}{2}$ pCt. Obligationer, der fra Statens Side blive uopsigelige i 10 Aar, blive forsynede med halvaarlige Kupons til 11te Juni og 11te December og med Talons og udstedes i Stykker paa 5,000, 2,000, 1,000, 500 og 200 Kroner.

Naar noget til Konvertering anmeldt Beløb ikke kan fuldt berigtiges med Obligationer af det nye Laan, udbetales det Overskydende kontant.

Konverteringen foregaar ved Afstempling paa Indskrivningsbeviserne og Obligationerne; derhos blive de til Obligationerne hørende Kuponsark med Kupons for Aarene 1887 til 11te Juni resp. 11te September 1895 at aflevere.

De afstemplede Obligationer blive tilbageleverede til Ihændehaverne uden Kuponsark og ville senere efter nærmere Bekjendtgjørelse blive ombyttede med Obligationer af det nye Laan med tilhørende Kupons.

**Ministeriet for Island, den 31te Decbr. 1886.**

*J. Nellemann.*

---

*A. Dybdal.*